



## Tilmæli 39/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1729/holdbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal	A 1729_holdbart_Nefndartillaga um að beita skilagjaldskerfum til eflingar hringrásarhagkerfinu

**Skilagjaldskerfi til eflingar hringrásarhagkerfinu**

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 28. nóvember 2017 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær hvetji skilagjaldsstofnanir til að auka afkastagetu við söfnun á landamærasvæðum og auðvelda neytendum að skila áldósum og plastflöskum frá nágrannalandinu á söfnunarstöðvar;

að þær rannsaki, í ljósi góðrar reynslu af skilagjaldskerfum fyrir áldósir og plastflöskur, hvort hægt sé að þróa skilagjaldskerfin í þá veru að þau geti tekið við fleiri vörum.

Kaupmannahöfn, 3. desember 2017

*Britt Lundberg*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs